

Álit siðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA).

Reykjavík, 26. september 2018

Siðanefnd SÍA barst erindi þann 10. ágúst 2018 frá Icelandic Wildlife Fund (hér eftir „IWF“) þar sem óskað var eftir álitni siðanefndarinnar á hvort auglýsing IWF, sem var í birtingu á Leifsstöð dagana 17. - 27. júlí 2018, brjóti gegn siðareglum SÍA.

Efni:

Auglýsing sú sem óskað er eftir álitni nefndarinnar er skilti sem hékk uppi í Leifsstöð dagana 17. - 27. júlí 2018 (hér eftir „auglýsingin“). Auglýsingin var fjarlægð að ákvörðun ISAVIA, rekstraraðila Leifsstöðvar, m.a. á þeim grundvelli að auglýsingin bryti gegn siðareglum SÍA. Hefur IWF því óskað eftir álitni siðanefndarinnar.

Auglýsingin er í formi texta á dökkum fleti með mynd af stökkvandi laxi. Texti auglýsingarinnar er svohljóðandi:

„ICELAND. THE FINAL FRONTIER OF THE WILD ATLANTIC SALMON [Fyrirsögn]

Large multinational corporations want to expand salmon farming in open net pens 10-fold in Icelandic fjords. This will cause massive pollution in the fjords and escaped farm fish will lead to a genetic mixing with Iceland's unique wild salmon stocks and eventually their extinction.

These plans must be stopped.

HELP US SAVE ICELAND'S WILD SALMON

Please show your support by sharing a photo of this billboard on social media. [Smátt letur]

Please visit iwfi.is to join the fight for the protection of Iceland's nature and wildlife.

The Icelandic Wildlife Fund & The Federation of Icelandic River Owners“

Nefndin fundaði vegna málsins þann 28. ágúst 2018. Í ljósi framsetningar erindisins fór nefndin yfir innihald auglýsingarinnar í heild sinni m.t.t. ákvæða siðareglanna. Var það mat nefndarinnar að þau ákvæði sem helst kæmu til skoðunar væru 8. gr., 12. gr. og gr. E2 í reglunum. Nefndin óskaði eftir frekari gögnum frá IWC með tölvupósti, dags. 28. ágúst 2018, og móttók umbeðin gögn 3. september 2018. Nefndin fundaði aftur vegna málsins þann 4. september 2018.

Í bréfi IWF, dags. 3. september 2018, kom fram ósk um að siðanefndin tæki til skoðunar hvort auglýsing IWF brjóti í bága við siðareglur SÍA, nánar tiltekið 12. gr. reglnanna.

Siðareglur SÍA:

Samkvæmt 8. gr. siðareglna SÍA á, þegar notaðar eru í auglýsingum fullyrðingar sem eru sannanlegar staðreyndir, að vera hægt að ganga úr skugga um hvort þær séu réttar. Þannig staðfestingar eiga að vera aðgengilegar þannig að hægt sé að leggja fram sannanir tafarlaust samkvæmt beiðni hjá þeim sjálfseftirlitssamtökum sem bera ábyrgð á framkvæmd siðareglanna.

Samkvæmt 12. gr. siðareglna SÍA um last má í auglýsingum ekki hallmæla neinum einstaklingi eða hópi einstaklinga, fyrirtæki, samtökum, iðnaðar- eða verslunarstarfsemi, starfsgrein eða vöru, með það fyrir augum að kalla fram opinberlega fyrirlitningu eða hæðni.

Samkvæmt gr. E2 í E-kafla siðareglanna um fullyrðingar um umhverfismál í markaðsskilaboðum á því aðeins að vísa til tæknilegrar framsetningar og vísindalegrar niðurstöðu um umhverfismál í markaðsskilaboðum að upplýsingarnar séu studdar áreiðanlegum vísindalegum sönnunargögnum.

Niðurstaða

Í auglýsingu IWF kemur fram að Ísland sé *síðasta vígi Atlantshafslaxins* (e. „*ICELAND. THE FINAL FRONTIER OF THE WILD ATLANTIC SALMON*“). Er það mat nefndarinnar að setningin feli í sér fullyrðingu um staðreyndir. Þá er það mat nefndarinnar að eftirfarandi texti auglýsingarinnar feli í sér þrjár fullyrðingar um umhverfismál:

„Large multinational corporations want to expand salmon farming in open net pens 10-fold in Icelandic fjords. This will cause massive pollution in the fjords and escaped farm fish will lead to a genetic mixing with Iceland’s unique wild salmon stocks and eventually their extinction.“

Í fyrsta lagi fullyrðingu um að tífold aukning laxeldis í opnum sjókvíum muni valda stórkostlegri mengun í íslenskum fjörðum (e. „*Large multinational corporations want to expand salmon farming in open net pens 10-fold in Icelandic fjords. This will cause massive pollution in the fjords [...]*“).

Í öðru lagi fullyrðingu um að tífold aukning laxeldis í opnum sjókvíum í íslenskum fjörðum muni leiða til þess að sleppifiskur muni valda erfðablöndun eldilax og hinna einstöku villtu laxastofna Íslands (e. „[...] and escaped fish will lead to a genetic mixing with Iceland's unique salmon stocks [...]).

Í þriðja lagi að tífold aukning laxeldis í opnum sjókvíum í íslenskum fjörðum muni að lokum leiða til útrýmingar hinna einstöku villtu laxastofna Íslands (e. „[...] and escaped fish will lead to a genetic mixing with Iceland's unique salmon stocks and eventually their extinction“).

IWF lagði ýmis fram gögn fyrir nefndina til sönnunar á framangreindum fullyrðingum. Þar má finna umfjallanir um mögulega hættu af laxeldi í opnum sjókvíum, mengun og afleiðingar. Er m.a. vísað til umfjöllunar á vef erfðanefndar landbúnaðarins þar sem segir: „Erfðablöndun norsks eldilax og villtra stofna getur stuðlað að hnignun villtra stofna, breytt erfðasamsetningu þeirra og þar með ógnað líffræðilegum fjölbreytileika.“ Vísað er til skýrslu Norska vísindaráðsins sem fjallar um laxeldi þar sem fram kemur að stærsta hættan sem steðjar að hinum norska villta laxastofni af mannavöldum sé sleppifiskur úr laxeldi, lúsafaraldur og sýkingar sem fylgja laxeldi. Þá er m.a. vísað í fræðigreinina *Modeling fitness changes in wild Atlantic salmon populations faced by spawning intrusion of domesticated escapees*. Í greininni segir m.a.: “While recovery in the phenotypic and demographic characteristics was observed in many instances after domesticated salmon intrusion was halted, in the most extreme intrusion scenario, the population went extinct.”

Nefndin hefur yfirfarið gögnin og er það mat nefndarinnar að IWF hafi lagt fram gögn sem kunni að styðja fullyrðingar um að aukning laxeldis í opnum sjókvíum geti valdið mengun og erfðablöndun eldislax og villtra laxastofna. Hins vegar er það ekki á færi nefndarinnar að taka afstöðu til afleiðinga sem virðist enn vera ágreiningur um meðal sérfróðra aðila.

Það er þó mat nefndarinnar að ekki hafi verið lögð fram vísindaleg gögn sem styðji með fullnægjandi hætti annars vegar fullyrðingu um að Ísland sé síðasta vígi Atlantshafslaxins og hins vegar fullyrðingu um að aukning laxeldis í opnum sjókvíum muni leiða til útrýmingar hinna einstöku villtu laxastofna Íslands, án nokkurs fyrirvara. Nefndin telur rétt að taka fram að hún hafnar því ekki að fullyrðingarnar kunni að vera sannar en telur of fast að orði kveðið miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram.

IWF fór í beiðni sinni til nefndarinnar sérstaklega fram á að nefndin tæki til skoðunar 12. gr. siðareglanna. Er það mat nefndarinnar að framsetning auglýsingarinnar brjóti ekki gegn 12. gr. siðareglanna þó auglýsingin feli í sér fullyrðingar um áhrif laxeldis sem kunni að vera umdeildar. Enda hallmælir auglýsingin ekki neinum einstaklingi eða hópi einstaklinga, fyrirtæki, samtökum, iðnaðar- eða verslunarstarfsemi, starfsgrein eða vöru, með það fyrir augum að kalla fram opinberlega fyrirlitningu eða hæðni, þó auglýsingin feli í sér fullyrðingar sem kunni að vera umdeildar.

Það er því niðurstaða siðanefndarinnar að auglýsingin brjóti ekki gegn 12. gr. siðareglna SÍA. Þá hafi IWF lagt fram gögn sem kunna að einhverju leyti að styðja fullyrðingarnar. Hins vegar hafi ekki verið lögð fram vísindaleg sönnunargögn sem styðji með fullnægjandi hætti annars vegar fullyrðingu um að Ísland sé síðasta vígi Atlantshafslaxins og hins vegar fullyrðingu um að aukning laxeldis í opnum sjókvíum leiði til útrýmingar hinna einstöku villtu laxatofna Íslands. Þær fullyrðingar brjóti því gegn 8. gr., sbr. gr. E2 siðareglanna.

Reykjavík, 26. september 2018

F.h. siðanefndar SÍA

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, formaður